

Fundur 30.3.2026 Varek, TokkAríi var uppi fyrir um 4 þúsund árum í Kína.

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið.*

Tala ég til ykkar úr stjörnusambandsstöð og lengi hef ég ætlað að tala til ykkar, reyndi ég það nýlega en var þá sambandið upptekið og komst ég ekki að, en ekki er svo mjög langt síðan að ég var viðstaddur í sal þessum og heyrði ég þá annan úr okkar þjóð tala til ykkar, en miklu yngri mann.

Og vantar mikið upp á að fullar skýringar séu fram komnar um tilveru okkar á jörðinni og hversu lengi við höfum verið til og hvernig saga okkar var.

*Ert þú af ætt Neanderdals ?*

Nei, ekki er það rétt.

*Nei fyrirgefðu.*

Reyni að koma því að síðar, en reyndum við að tala um veru okkar á jörðinni.

*Hvenær voru þið uppi á jörðinni ?*

Ég var uppi mun fyrr en sá sem komst í sambandið og hef ég sinnt fræðimanna störfum og hef ég haft samband við miklu ættingja okkar og höfum við reynt að kortleggja sögu landsvæðis þess sem við bjuggum á og þó höfum við flakkað víða um jörðina, en áttum við ættingja þar löngu fyrr.

Og vantar skriflegar heimildir um okkur, en fundust múmíur og eru þær meir en 4 þúsund ára og var ég samtíma maður og var menning okkar þá þegar á hnignunar braut og áttum við aðeins fornar sagnir og söngva og kveðskap og annað slíkt að styðjast við um sögu okkar og vissi ég því ekki sjálfur þegar ég fór af jörðinni hvernig saga okkar hafði verið.

En á framlífs jörð minni fyrstu þurfti ég að ganga í gegnum umbreytingu þar sem trúboð framandi menningar heima hafði áhrif og týndi ég rótum mínum enn frekar og fann þær ekki fyrr en miklu síðar, en hef ég hér með hjálp sambandsmanna frá öðrum hnöttum verið í teymi vísindamanna sem hafa reynt að kortleggja sögu okkar og ævafora sögu Asíu og Evrópu og hversu margir hafa búið þar af mismunandi tegundum og hvernig þjóðirnar hafa komið og farið.

Sinnti ég landbúnaði og hermennsku og varð ekki langlífur, enda mikið um drepsóttir á þeim tíma, um 4 þúsund ár síðan í Asíu og þurftum við að verjast öðrum og áttum okkar letur, en það mun hafa glatast og lenti kannski í höndum yfirvaldanna í Kína til forna, þar sem því hefur verið eytt.

En löngu fyrr í Evrópu og Asíu voru aðrir menn á ferli á öðrum hlýskeiðum ísaldanna og voru þá ýmis menningar skeið og forfeður okkar á ferðinni löngu fyrr.

Og er þangað að rekja margvíslegar framfarir sem síðar höfðu áhrif, bárust með kynslóðunum, næ ég ekki að fara nánar út í það, er ég af þjóðflokki TokkAría frá Kína fyrir um 4 þúsund árum og hef ég rannsakað forfeður mína, Varek.

Já takk fyrir.

*Má ég spurja einnar spurningar ?*

Já.

*Hvernig ert þú útlits, ert þú eins og Aríi eða ert þú skáeygður ?*

Ég er líkur ykkur í útliti og það voru margir á þeim tíma þar sem ég bjó, en svo komu blendingar fleiri fram, ég er einmitt að tala um þessar mörgu bylgjur sem þarna bjóu og áttu bú frá fornu fari, en mjög langt aftur á ykkar útliti.

Þakka ég nú fyrir mig og kveð ég ykkur.

Vona að við komumst síðar, verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir komuna Varek og vertu sæll.*